

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1973.

Árið 1973 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 25. gr. laga nr. 67 1971, um almannatryggingar, vera kr. 115.00 fyrir hverja tryggingaviku.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

22. desember 1972.

Nr. 350.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa utanríkisþjónustunnar.

1. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa og staðfestingaráritanir í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld:

- | | |
|---|------------|
| 1. Fyrir útgáfu vegabréfs | kr. 400.00 |
| 2. Fyrir staðfestingaráritun í vegabréf eða önnur persónuskilríki | — 250.00 |
| 3. Fyrir að staðfesta undirskriftir stjórnvalda og einstaklinga („legalisering“), hvert skjal | — 250.00 |

2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessarri, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld, sem kjöræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslenzku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenzkum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. janúar 1973. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins frá 25. marz 1960.

Utanríkisráðuneytið, 22. desember 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.